

Reykjavík, 21. mars 2024

Dómsmálaráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík
dmr@drm.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og frystingu fjármuna

Hinn 8. mars síðastliðinn birti dómsmálaráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og frystingu fjármuna, á samráðsgátt stjórnvalda. Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfæri.

Í I. kafla frumvarpsdraganna eru lagðar til breytingar á ýmsum greinum laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Samkvæmt umfjöllun í greinargerð frumvarpsdraganna snúa ákvæði þeirra einkum að áhættumat er tengist fjármögnun geryðingarvopna. Þó verður ekki betur séð en að í drögunum sé einnig að finna tillögur sem stefna að öðrum lagfæringum á regluverkinu, m.a. úrbótum vegna yfirvofandi úttekar FATF.

Á vettvangi SVÞ hefur komið fram veruleg gagnrýni sem snýr einkum að ákvæðum II.–IV. kafla laganna, sbr. 17. tölul. 3. gr. og s-lið 2. gr. laganna. Í köflunum eru ýmsar íþyngjandi skyldur lagðar á þá aðila sem falla undir framangreind ákvæði, þ. á m. að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum og kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Til að unnt verði að standast slíkar skyldur þurfa tilkynningaskyldir aðilar að koma sér upp fyrirkomulagi og verklagi og sýna fram á að eftir því sé unnið. Ekki nægir að breytingar á fyrirkomulagi og verklagi hafi mikinn kostnað og vinnu í för með sér heldur getur atvikum í viðskiptum verið þannig háttað að óljóst teljist hvort rétt hafi verið að verki staðið. Eins og áður segir eru skyldurnar felldar á tilkynningaskylda aðila og þeirra á meðal eru allir þeir sem stunda viðskipti með vöru og þjónustu þar sem reiðufé er innt af hendi sem greiðsla kaupverðs svo tiltekinni fjárhæð nemi.

Samkvæmt orðanna hljóðan er skilgreiningin á „reiðufjárviðskiptum“ eftirfarandi:

(2. gr.) Undir lög þessi falla eftirtaldir aðilar:

(s-liður) Önnur starfsemi, ótalin hér að framan, þar sem lögaðilar og einstaklingar sem í atvinnuskyni eiga viðskipti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Fyrirtækjum sem undir skilgreininguna falla ber m.a. að sinna eftirfarandi skyldu:

(8. gr.) Tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu kanna áreiðanleika viðskiptamanna sinna í samræmi við ákvæði þessa kafla í eftirfarandi tilvikum:

(d-liður) við viðskipti með vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 10.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Bls. | 2

Í ljósi framangreindra ákvæða hafa fjölmargir aðilar sem stunda viðskipti með vörur og þjónustu þurft að koma sér upp verklagi, ferlum og innra eftirliti í því skyni að ekki verði brotið gegn ákvæðunum í rekstri fyrirtækjanna. Alsendis hefur hins vegar þótt óljóst hvenær slíkt fyrirtæki telst nákvæmlega eiga í viðskiptum sem undir ákvæðið falla, einkum m.t.t. þess að tengja getur þurft saman reiðufjárgreiðslur við mat á fjárhæðarviðmiðinu 10.000 evrur. Þá hefur skrifstofa SVÞ jafnframt þurft að standa í samskiptum við eftirlitsaðila í því skyni að fá úr því skorið hvert sé efnislegt inntak orðsins „reiðufé“ og í því samhengi hve víðtækar skyldur hvíla á verslunar og þjónustufyrirtækjum. Fyrir vikið má gera ráð fyrir að fjöldi slíkra fyrirtækja hafi í öryggisskyni komið sér upp verklagi, ferlum og innra eftirliti þó ekki teljist líklegt að á það muni nokkurn tíma reyna þannig að tilkynna verði reiðufjárviðskipti til eftirlitsaðila. Auðsætt er að fyrirkomulagið veldur óþarfa kostnaði og álagi á fyrirtæki og stuðlar að sóun.

Af framangreindum sökum er það afstaða SVÞ að undir veruleika skuldbindinga íslenska ríkisins, á sviði aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, væri mun skynsamlegra og haganlegra að fara aðra leið en gert hefur verið og **leggja einfaldlega bann við viðtöku reiðufjár í viðskiptum fyrirtækja í verslun og þjónustu yfir tiltekinni fjárhæð.**

Framangreind leið hefur þann kost að hún er í senn skýr og mun einfaldari og hagkvæmari í framkvæmd en sú leið sem farin var í gildandi lögum. Í því samhengi má hafa í huga að í norskum lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (n. Hvitvaskingsloven)¹ eru þeir sem taka á móti greiðslum í reiðufé ekki tilgreindir meðal tilkynningarskyldra aðila heldur er kveðið sérstaklega á um skyldur þeirra í 5. gr. laganna en hún hefur fyrirsögnina (í grófri íslenskri þýðingu) *Fjárhæðarmörk vegna greiðslna í reiðufé*. Þar segir á norsku:

Forhandlere av gjenstander kan ikke motta vederlag i kontanter på 40 000 kroner eller mer eller et tilsvarende beløp i utenlandsk valuta. Dette gjelder også der oppgjøret gjennomføres i flere operasjoner.

Í grófri þýðingu er í 1. mgr. 5. gr. norsku laganna kveðið á um að söluaðilum vara sé óheimilt að taka á móti greiðslu í reiðufé sem nemur 40.000 norskum krónum eða meira eða samsvarandi fjárhæð í erlendri mynt. Er tekið fram að bannið eigi einnig við þar sem uppgjör fer fram í nokkrum aðgerðum. Hið sama á við í tilviki danskra laga um sama efni (d. Hvidvaskloven) en 5. gr. þeirra fellur undir fyrirsögnina *Reiðufjárnabann* (d. Kontantforbud) og er svohljóðandi á dönsku:

¹ Sjá á vefslóðinni: https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2018-06-01-23/KAPITTEL_1#KAPITTEL_1

(§ 5.) Erhvervsdrivende, som ikke er omfattet af § 1, stk. 1, må ikke modtage kontantbetalinger på 20.000 kr. eller derover, hvad enten betalingen sker på én gang eller som flere betalinger, der er eller ser ud til at være indbyrdes forbundet.

Að lokum leyfa SVÞ sér að vekja athygli á tillögu², sem er til meðferðar á vettvangi ESB, um breytingu á regluverki sambandsins á svæði aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þar segir m.a. á ensku í umfjöllun með ensku fyrirsögnina *Regulatory fitness and simplification*:

Bls. | 3

Moreover, the removal from the scope of the EU AML framework of traders in goods, linked to the proposed prohibition on cash operations over EUR 10 000, will release such traders from the administrative burden of submitting to their FIU reports on cash operations exceeding EUR 10 000.

Svo getur því allt eins farið að tilkynningaskylda vegna reiðufjárviðskipta í verslun og þjónustu verði afnumin.

Í ljósi alls framangreinds hvetja SVÞ ráðuneytið til að nota tækifærið og leggja til breytingar á viðeigandi ákvæðum laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þannig að í stað þess að fyrirtæki í verslun og þjónustu teljist til tilkynningaskyldra aðila þegar þau taka á móti reiðufjárgreiðslum að fjárhæð 10.000 evrur eða meira verði einfaldlega lagt bann við móttöku slíkra greiðslna að tiltekinni lægri fjárhæð, t.d. 5–700 þús. kr. Í sama mund er ráðuneytið hvatt til að fylgjast grannt með afdrifum framangreindrar tillögu á vettvangi ESB.

Virðingarfyllt,

f.h. SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

² Sjá á vefslóðinni: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:52021PC0423>